

**Mál nr. 378/2019****M og  
V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Túlkun á undanþáguákvæði vátryggingarskilmála vegna ágreinings í dómsmáli.****Gögn.**

Málskot, móttækið 28. október 2019, ásamt fylgiskjölum.  
Bréf V, dags. 19. nóvember 2019.

**Málsatvik.**

Hinn 25. júní 2019 var M stefnt fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta vegna starfa hans fyrir húsfélag. Í stefnu er vísað til þess að M hafi gerst sekur um fjárdrátt vegna heimildarlausra færslna úr sjóðum húsfélagsins. Greinargerð var lögð fram hinn 26. september 2019 og tekur M þar til varna.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæðis 18.11 í vátryggingarskilmálum, þar sem kemur fram að vátryggingin bæti ekki málskostnað „Sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur vátryggðum vegna brots sem er saknæmt.“ Einnig bendir V á undanþáguákvæði í gr. 18.2 sem segir að vátryggingin bæti ekki málskostnað vegna sakamála. V telur að sú krafa sem sé gerð á hendur M í fyrrnefndu dómsmáli sé byggð á því að hann hafi gerst sekur um fjárdrátt og þannig sé alla vega uppi grunur um brot sem er saknæmt og þess vegna eigi undanþáguákvæði gr. 18.11 við í málinu. V telur ekki skipta máli hvort M sé sekur eða sýknaður í dómsmálinu, allt eð einu sé uppi grunur um fjárdrátt.

M telur fyrrnefnt undanþáguákvæði vátryggingarskilmála ekki eiga við þar sem því sé einhliða haldið fram af hálfu þess sem stefnir M til greiðslu skaðabóta að um fjárdrátt hafi verið að ræða. Það sé hins vegar ekki rökstutt og snúist ágreiningur um heimildir M til endurgreiðslu kostnaðar og launagreiðslur. M bendir á að enginn lögreglurannsókn hafi farið fram vegna málsins og húsfélagið hafi ekki kært málið til lögreglu. M telur að um sé að ræða einkaréttarlegan ágreining sem hafi því ekkert með sakamál að gera.

**Álit.**

Ágreiningur milli aðila lýtur að túlkun á ákvæði gr. 18.11 í vátryggingarskilmálum og hvort réttarlegur ágreiningur í skaðabótamáli húsfélagsins gegn M falli undir það ákvæði. Eins og kemur fram hér að ofan bætir vátrygging V skv. því ekki málskostnað í málum sem varða skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur vátryggðum vegna brots sem er saknæmt.

Í gögnum málsins liggur ekkert fyrir um að sá verknaður, sem vikið er að í afar stuttu máli í stefnu sem fjárdráttur, hafi verið til rannsóknar hjá lögreglu. Engin gögn liggja fyrir sem staðreyna að grunur sé um að M hafi gerst sekur um slíkan verknað, annað en einhliða lítt rökstuddar yfirlýsingar þess aðila sem krefur M um skaðabætur, og enn síður að slíkur grunur hafi leitt til ákæru á hendur honum vegna brots sem er saknæmt. Við túlkun á undanþáguákvæði gr. 18.11 verður að gera þá kröfu að gögn sýni að slíkur grunur hafi komið fram með skýrum hætti, t.d. með rannsókn lögreglu og getur V því ekki borið fyrir sig umrædda undanþágu. Ekki er heldur um sakamál að ræða og á ákvæði gr. 18.2 því heldur ekki við. M á því rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 10. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmn.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.